



LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA
SVEITARFÉLAGA

Hafnarfjarðarhreppur
Innk: 9/3 2016
Málsnr: 1603206
Bréfal: 042.8

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 4. mars 2016

Efni: Endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri vegna réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga þann 22. janúar sl. var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins, Bjarna Guðmundssonar, dagsett 20. janúar sl., þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafni Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar í B-deild LSS haldist óbreytt eða 66% fyrir árið 2016.

Stjórn lífeyrissjóðsins starfsmanna sveitarfélaga samþykkti tillögu trygginga-stærðfræðingsins fyrir sitt leyti og vísaði málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði greinar 49 í samþykktum LSS sem er svohljóðandi:

Bæjarsjóðir og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíman og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.


Taki starfsmenn aðildarstofnunar eða fyrirtækis ekki laun eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna og hafi ákvæði um takmörkun iðgjaldgreiðslna ekki verið beitt er sjóðsstjórn heimilt að láta reikna endurgreiðsluhlutfall viðkomandi aðila sérstaklega.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka við greiðslu í reiðufé eða skuldabréfi, sem tryggt er með fullnægjandi hætti, frá launagreiðanda til uppgjörs á áföllnum skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Launagreiðandi, sem gert hefur upp áfallna skuldbindingu sína samkvæmt þessari málsgrein ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörð tekur til. Ábyrgð bæjarfélaga samkvæmt 47. og 50. grein grein helst þó óbreytt.

Stjórn sjóðsins getur með samþykki bæjarfélags sem bakábyrgð ber á þeim réttindasöfnum sem greitt er til einnig heimilað launagreiðanda sem þess óskar að samtímagreiða lífeyrisskuldbindingar með mótframlagi, sem stjórn sjóðsins ákveður að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings. Fellur þá niður skylda hans til endurgreiðslu lífeyris samkvæmt 49. grein.

Verði greiðslufall á skuldabréfi sem B-deild hefur tekið við til uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum launagreiðanda, sbr. 4. mgr. þessara greinar, skulu eftirstöðvar bréfsins færðar til lækunar á skiptihlutfalli réttindasafns samkvæmt ákvæðum 50. greinar.

Hjálal er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllt,
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Gerður Guðjónsdóttir
frámkvæmdaþjóri

2016-01-20

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

Hlutfall endurgreiðslu lífeyris vegna réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar í B-deild LSS

Sambýkktir sjóðsins innihalda ákvæði í 49. grein um skyldu aðildarstofnana til endurgreiðslu á hluta lífeyris í B-deild. Ákvæðið er svohljóðandi:

“49. Bæjarsjóðir og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega úttekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrsgreiðslna í B-deild.

Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða áregra sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfadi ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum geti staðið undir öllum lífeyrsgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstartíma og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulífur.

Taki starfsmenn aðildarstofnunar eða fyrirtekis ekki laun eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna og hafi ákvæði um takmörkun iðgjaldgreiðslna ekki verið beitt er sjóðsstjórn heimilt að láta reikna endurgreiðsluhlutfall viðkomandi aðila sérstaklega.”

Ekki hefur verið upplýst um að ákvæði síðustu málsgreinar eigi við einhverja sjóðfélaga sem réttindi eiga í réttindasafni Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Útreikningar voru gerðir 2012 eftir sambærilegu ákvæði í Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna endurgreiðslu á lífeyris á árinu 2013. Var niðurstaðan að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og forsendum reiknaðist endurgreiðsluhlutfall 66%. Forsendur útreikninga hafa ekki breyst frá þeim tíma og er lagt til endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins verði hið sama árið 2016 og var árið 2013 Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar og síðar 2014 og 2015 vegna sjóðfélaga réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar í B-deild LSS, eða 66%.

Virðingarfyllt,



Bjarni Guðmundsson